

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi á Akranesi.

Deiliskipulagsbreytingar Steinsstaðflöt 25-35 og Tindaflöt 2-10.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 28. janúar 2003, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á Steinsstaðflöt 25-35, Akranesi.

Breytingin felst í að í stað 6 tveggja hæða raðhúsa kemur tveggja hæða 8 íbúða fjölbýlishús. Jafnframt eru innbyggðar bílgeymslur felldar niður.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 11. febrúar 2003, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á Tindaflöt 2-10, Akranesi.

Breytingin felst í að stígaús verða 4 í stað 5 og lóðin verður nr. 2-8 við Tindaflöt. Jafnframt falla bílgeymslur undir húsunum niður en í stað þeirra verða 8 bílastæði í bílgeymslum á 1. hæð í nr. 4 og nr. 6. Bílastæði á lóð verða alls 70.

Byggingarlína Tindaflatar 2 og 4 færir um 50 cm nær leiksvæði barna, verður 12 m frá því í stað 12,5 áður. Kvöð er um að breidd göngustíga verði a.m.k. 2 m.

Framangreindar deiliskipulagsbreytingar voru afgreiddar samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingarnar taka þegar gildi.

Akranesi, 31. mars 2003.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir skipulagsfulltrúi.